



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION
ASSOCIATION EUROPEENNE DE LIBRE-ECHANGE

RÁÐHERRAFUNDUR EFTA, FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, 1. DESEMBER 2006, GENF

FRÉTTATILKYNNING (*)

Ráðherrar EFTA-ríkjanna funduðu með viðskipta- og iðnaðarráðherra Indlands og var ákveðið að ráðast í sameiginlega hagkvæmnikönnun sem gæti fljótlega leitt til samningaviðræðna um umfangsmikinn viðskiptasamning. Þeir ræddu einnig niðurstöður nýlokinnar fríverslunarviðræðna við Egypta og góðan árangur sem náðst hefur í viðræðum við Kanadamenn og Flóabandalagið. Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með að fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Kóreu hefði tekið gildi hinn 1. september 2006 og að fríverslunarsamningur EFTA við Líbanon taki gildi 1. janúar 2007.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) héldu óformlegan fund með ráðherrum aðildarríkjanna í Genf hinn 1. desember undir forsæti Doris Leuthard, efnahagsráðherra Sviss.

Ráðherrarnir funduðu með viðskipta- og iðnaðarráðherra Indlands, Kamal Nath, þar sem undirrituð var sameiginleg viljayfirlýsing um stofnun starfshóps ríkjanna sem falið verður að kanna hagkvæmni þess að hefja viðræður um umfangsmikinn viðskiptasamning milli Indlands og EFTA-ríkjanna. Þeir lýstu ánægju sinni með þennan fyrsta áfanga í eflingu viðskiptasambands milli Indlands og EFTA.

Fríverslunarviðræðum við Egypta lauk 31. október síðastliðinn og lýstu ráðherrarnir ánægju sinni með það. Viðræðurnar hafa staðið frá árinu 1998 og fríverslunarsamningurinn, sem undirritaður verður á næstu mánuðum, verður mikilvægur áfangi í samskiptum EFTA við Miðjarðarhafsríki.¹

Ráðherrarnir töldu ánægjulegt að viðræður við Kanadamenn hefðu hafist á ný með samningalotu sem fram fór í nóvember. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að fríverslun kæmist á milli Kanada og EFTA-ríkjanna og sögðust vongóðir um að unnt yrði að ljúka viðræðum á næstu mánuðum.

* Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar.

¹ EFTA-ríkin hafa til þessa gert fríverslunarsamninga við eftirtalin ríki á Miðjarðarhafssvæðinu: Búlgaríu, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Marokkó, heimastjórn Palestínumanna, Rúmeníu, Túnis og Tyrkland, og undirrituð hefur verið samstarfsyfirlýsing milli EFTA og Alsír.



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION ASSOCIATION EUROPEENNE DE LIBRE-ECHANGE

Þeir létu þess getið að góður árangur hefði náðst í viðræðum við aðildarríki Flóabandalagsins² og að þeim lyki væntanlega á næsta ári.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu jafnframt ánægju sinni með árangur af starfi sameiginlegs starfshóps um gerð víðtæks viðskiptasamnings milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu og lýstu þeirri von að viðræður um slíkan samning hæfust sem fyrst.

Ráðherrarnir tóku fram að öll EFTA-ríkin telja forgangsatriði að byggja upp fríverslunartengsl við Kína og Japan og ítrekuðu áhuga sinn á að koma á fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Rússlands og Úkraínu eftir að þau ríki öðlast aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO).

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með samræður við Kólumbíu og Perú, sem fram fóru nýlega, og að þessi tvö ríki væru reiðubúin að koma á viðskiptatengslum við EFTA-ríkin.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með að fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Kóreu hefði öðlast gildi hinn 1. september síðastliðinn og að fríverslunarsamningur við Líbanon myndi taka gildi 1. janúar 2007. Þeir sögðust einnig vænta góðs af væntanlegri gildistöku fríverslunarsamnings við tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU)³.

Ráðherrarnir fjölluðu um stöðu mála í svokallaðri Doha-lotu sem eru viðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og lýstu yfir ánægju með að samningahópar hafa nú aftur hafið störf á öllum sviðum viðræðnanna undir forystu þeirra ríkja sem leiða viðræðurnar í hverjum hópi um sig. Þeir ítrekuðu vilja EFTA-ríkjanna til að efla starf Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og ljúka Doha-viðræðunum með farsælum hætti. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að sú stefnumörkun EFTA-ríkjanna að gera fríverslunarsamninga byggðist á fjölhliða viðskiptakerfi og að fríverslunarsamningar EFTA stuðla að auknu viðskiptafrelsi um allan heim.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna héldu einnig fund með þingmannanefnd EFTA til að ræða fríverslunarsamskipti og þróun mála í tengslum við EES-samninginn.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Sviss: Doris LEUTHARD, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins (í forsæti)

Ísland: Valgerður SVERRISDÓTTIR, utanríkisráðherra

Liechtenstein: Rita KIEBER-BECK, utanríkisráðherra

Noregur: Dag Terje ANDERSEN, viðskipta- og iðnaðarráðherra

² Aðild að Flóabandalaginu eiga Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin.

³ Botswana, Lesotho, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland.